

019/01 - Harpa VE 25 - Ammasat GR-18-82

Harpa VE-25 og Ammasat GR-18-82, árekstur á loðnumiðunum

Harpa VE 25

Skipaskr.nr.: 1413

Smíðaður: Noregi 1975 stál

Stærð: 445,00 brl; 636,00 bt

Lengd: 53,67 m **Breidd:** 8,20 m **Dýpt:** 6,45 m

Vél: Mak 1.500,00 kW **Árgerð:**

Annað:

Földi skipverja:



Ammasat GR-18-82

Skipaskr.nr.:

Smíðaður:

Stærð: brl; bt

Lengd: m **Breidd:** m **Dýpt:** m

Vél: kW **Árgerð:**

Annað: Ekki fengust frekari upplýsingar um skipið

Fjöldi skipverja:

Atvikalýsing

Hinn 22. febrúar 2001 voru m.b. Ammasat GR-18-82 og m.b. Harpa VE-25 að loðnuveiðum út af Snæfellsjökli ásamt fleiri skipum. Veður: NA - 4 vindstig, sjólítið, bjartviðri.

Um kl. 00:15 þegar verið var að snúa Hörpu um loðnutorfu á um 4 sml. hraða og um það bil verið að fara kasta lenti hún í árekstri við Ammasat. Skipstjóri Hörpu varð ekki var við Ammasat fyrr en hún kom undan stefni skipsins en árekstri var ekki forðað.

Á Ammasat var verið að fara kasta nótinni og var skipið ferðlaust þar sem skipstjóra fannst Harpa vera mjög nálægt sér og ákveðið að bíða þar til hún væri farin framhjá. Allt í einu hefði Hörpu verið snúið í stb. og skall bakborðs kinnungur hennar á bakborðssíðu Ammasat rétt framan við brú. Töluverðar skemmdir urðu á skipunum.

Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri m.b. Hörpu VE-25 sagði að takmarkað útsýni væri úr stýrishúsi. Bakinn sé hár á skipinu og birgi sýn. Eins og skipstjórinn orðaði það: "maður sér rosalega illa fram fyrir skipið, sérstaklega þegar kominn er afli í öftustu lestarnar";
- að skipstjóri m.b. Hörpu VE-25 sagði að hann hefði verið með stóra radarinn á og hann sýni ekki vel endurvarp nálægt skipinu;
- að hvorugt skipið var með rétt siglingaljós uppi miðað við aðstæður.

Nefndarálit

Nefndin telur að orsök atviksins sé óaðgæsla við stjórn og siglingu Hörpu. Þá áminnir nefndin skipstjórnarmenn að nota ávallt siglingaljós í samræmi við alþjóðarsiglingareglur.

Nefndin telur með öllu óviðunandi að breytingar á skipum líkt og Hörpu, verði þess valdandi að útsýni úr brú skerðist og rýri þar með öryggi þeirra, áhafnar og annara skipa. Þá bendir nefndin á að þar sem útsýni úr brú takmarkast við hönnun eða lestunarástand skips sýni stjórnendur þeirra aukna aðgæslu við siglingu

og veiðar.